



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

11  
11 20  
21

# Eva stjórnar Strauss



# Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

**Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.**

## Áætluð tímalengd:

From Space I Saw Earth: 13'

Till Eulenspiegel: 16'

Der Rosenkavalier, svíta: 25'

Vier letzte Lieder, svíta: 25'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands  
Mennta- og  
menningarmálaráðuneytið



Reykjavíkurborg

Stoltur bakhjarl



Bakhjarl í flutningum

**TVG-ZIMSEN**

11|11

FIMMTUDAGUR  
KL. 19:30

GULA RÖÐIN

# Eva stjórnar Strauss

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

## Sinfóníuhljómsveit Íslands

### Eva Ollikainen

hljómsveitarstjóri

### Camilla Nylund

einsöngvari

### Daníel Bjarnason

hljómsveitarstjóri

### Kornilios Michailidis

hljómsveitarstjóri

### Crotales

Félagar úr Ungsveit SÍ,  
félagar úr Bjöllukór Tónlistarskóla  
Reykjanesbæjar og nemendur úr  
tónlistardeild LHI

## Efnisskrá

Daníel Bjarnason

**From Space I Saw Earth (2019)**

Richard Strauss

**Till Eulenspiegels lustige Streiche  
(Ævintýri Ugluspegils, 1895)**

## Hlé

Richard Strauss

**Der Rosenkavalier, svíta (1911/1944)**

Richard Strauss

**Vier letzte Lieder (Fjórir síðustu söngvar, 1948)**

Frühling

September

Beim Schlafengehen

Im Abendrot

For information in English about tonight's  
programme, please visit the Icelandic  
Symphony Orchestra's website:

**en.sinfonia.is**



# Eva Ollikainen

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen tók við stöðu aðalstjórnanda og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2020.

Eva stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar og spannar samstarf hennar við Sinfóníuhljómsveit Íslands því meira en 15 ár. Þá stjórnaði hún framhaldsskólatónleikum hljómsveitarinnar með nær engum fyrirvara, en hún stjórnaði einnig nokkrum áskriftartónleikum á árunum 2007–2010. Hún stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu í febrúar 2019 og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað fjölda virtra hljómsveita, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitinni í Stokkhólmi og Sinfóníuhljómsveitinni í Vínnarborg. Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Á komandi starfsári mun Eva stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands á níu tónleikum, meðal annars í *Valkyrjunn* eftir Richard Wagner og *Ein Heldenleben* eftir Richard Strauss.



# Camilla Nylund

## EINSÖNGVARI

Sópransöngkonan Camilla Nylund hefur um árabíl verið ein fremsta sópransöngkona Norðurlanda. Hún fæddist í Vaasa í Finnlandi og lærði við tónlistarháskólann í Turku og síðar við Mozarteum-tónlistarháskólann í Salzburg. Hún hefur sungið við öll helstu óperuhús og tónlistarhátíðir heims, meðal annars í Vínarborg, París, Berlín, Dresden, Barcelona, Lundúnum, Mílanó og Bayreuth. Árið 2008 debúteraði hún sem Rusalka í óperu Dvořáks á Salzburgerhátíðinni undir stjórn Franz Welsler-Möst. Hún söng Salóme í samnefndri óperu Richards Strauss við Bastillu-óperuna í París árið 2009 og Elísabetu í *Tannhäuser* eftir Wagner í Bayreuth árið 2011. Þá hefur hún sungið Leónóru í *Fidelio* eftir Beethoven við Theater an der Wien og á tónleikaferð um Japan undir stjórn Sir Simon Rattle.

Nylund er ekki síst dáð fyrir túlkun sína á hlutverkum í óperum Richards Strauss. Hún hefur sungið leiðandi hlutverk í *Arabella*, *Salome*, *Elektra*, *Die Frau ohne Schatten* og *Rósarriddaranum*, meðal annars við Teatro alla Scala, Staatsoper í Vínarborg, Ríkisóperu Bæjaralands og Semperoper í Dresden. Þá hefur hún sungið Níundu sínfóníu Beethovens með Fílharmoníusveit Berlínar undir stjórn Simon Rattle og einnig með hljómsveit Scala-óperunnar undir stjórn Daniels Barenboim.

Nylund hefur sungið inn á meira en 30 geisladiska, meðal annars hjá Sony Classical. Hún syngur meðal annars í Sínfóníu nr. 8 eftir Gustav Mahler með Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam undir stjórn Mariss Jansons, og hlutverk Leónóru í hljóðritun á *Fidelio* með Útvarpshljómsveit Vínarborgar undir stjórn Bertrands de Billy, aðalgestastjórnanda Sínfóníuhljómsveitar Íslands. Nylund hlaut Sænsku menningarverðlaunin fyrir framlag sitt til tónlistarinnar og Pro Finlandia orðuna sem veitt er framúrskarandi finnskum listamönnum.

Þetta er í fyrsta sinn sem Camilla Nylund kemur fram á Íslandi.



# Daníel Bjarnason

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason hefur átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands í rúman áratug, bæði sem hljómsveitarstjóri og tónskáld. Hann hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómsveita og má þar nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Fílharmóníusveitirnar í Los Angeles og New York, Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Winnipeg, Melbourne og Adelaide, Sinfóníuhljómsveit BBC í Skotlandi, Residentie-hljómsveitina, Ulster-hljómsveitina, Britten-sinfóníuna og Sinfóníettuna í Kraká. Hann hefur gefið út fjórar plötur hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, *Processions* (2010), *Solaris* (2012), *Over Light Earth* (2013) og *Collider* (2018). Meðal helstu verka Daníels eru óperan *Brothers* sem sýnd var á Íslandi á Listahátíð í Reykjavík við mikla hrifningu, og fiðlukonsert sem var pantaður af Fílharmóníusveit Los Angeles og Sinfóníuhljómsveit Íslands, og frumfluttur af Pekka Kuusisto og fyrrnefndu sveitinni undir stjórn Gustavos Dudamel í Hollywood Bowl. Daníel hefur gegnt stöðu staðarlistamanns og aðalgestastjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegnir nú stöðunni „listamaður í samstarfi“.

Meðal verkefna sem framundan eru með Daníel og Sinfóníuhljómsveit Íslands má nefna hljóðritun á nýrri plötu fyrir Sono Luminus. Þrjár plötur forlagsins með íslenski tónlist í flutningi hljómsveitarinnar hafa vakið mikla athygli og var ein þeirra tilnefnd til Grammy-verðlauna fyrir besta hljómsveitarflutning.



# Kornilios Michailidis

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Gríski hljómsveitarstjórinn Kornilios Michailidis er staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021–22. Hann stundaði píanónám í París og í Bandaríkjunum og lauk meistaraþrófi í hljómsveitarstjórn við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki. Hann var aðstoðarstjórnandi Finnsku útvarpshljómsveitarinnar 2016–17 og gegndi sömu stöðu við Fílharmóníusveit franska útvarpsins á árunum 2018–20. Hann hefur stjórnað fjölda hljómsveita og einnig við óperuhús, meðal annars Töfraflautu Mozarts við Teatro Real í Madrid, auk þess sem hann hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti, Grísku útvarpshljómsveitinni og hljómsveit Parísaróperunnar.

Kornilios Michailidis hefur einnig komið víða fram sem píanóleikari, meðal annars með Sinfóníuhljómsveitinni í Aþenu og ásamt fiðluleikaranum Sergej Krylov. Árið 2016 stofnaði hann Tónlistarhátíðina í Koufonisia, þar sem klassísk tónlist hljómar á einni af smæstu eyjum Grikklands.

# Daníel Bjarnason

## FROM SPACE I SAW EARTH

Daníel Bjarnason (f. 1979) hefur starfað með fjölda alþjóðlegra hljómsveita, meðal annars Filharmóníusveit Los Angeles, sem pantaði verkið *From Space I Saw Earth* í tilefni þess að öld var liðin frá stofnun hljómsveitarinnar. Sveitin hefur undanfarin ár flutt fjölmörg verka Daníels, auk þess sem hann hefur sjálfur stjórnað henni á tónleikum og var listrænn stjórnandi hátíðarinnar Reykjavík Festival sem fór fram í Walt Disney-tónleikahöllinni vorið 2017. *From Space I Saw Earth* er samið með það í huga að á tónleikunum í Los Angeles í október 2019 voru tveir fyrrum aðalstjórnendur hljómsveitarinnar, Zubin Mehta og Esa-Pekka Salonen, til staðar auk núverandi aðalstjórnanda, Gustavo Dudamel. Því var ákveðið að allir þrír tækju þátt í flutningi verksins og stjórnar hver sínum hljóðfærahópi. Undir lok verksins bætist svo óvæntur liðsauki við hljómsveitina og skapar stemningu sem hæfir yrkisefninu.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

*From Space I Saw Earth* hljómaði í fyrsta sinn í Walt Disney Concert Hall í október 2019, á 100 ára afmælistónleikum Filharmóníusveitarinnar í Los Angeles, sem pantaði verkið af því tilefni. Hljómsveitarstjórar voru núverandi og fyrrverandi aðalstjórnendur sveitarinnar, þeir Gustavo Dudamel, Esa-Pekka Salonen og Zubin Mehta. Þetta er frumflutningur verksins á Íslandi.

Daníel segir sjálfur um *From Space I Saw Earth*: „Á sjöunda áratug 20. aldar kepptust Bandaríkin og Sovétríkin um að verða fyrsta landið til að koma mönnum út í geim. Sovétmenn höfðu betur í upphafi; Júrj Gagarín varð fyrsti maður til að komast út í geim árið 1961. Á næstu árum lögðu Bandaríkjamenn allt kapp á að gera betur og árið 1969 stigu Neil Armstrong og Buzz Aldrin fæti á tunglið. Geimferðaáætlanir höfðu í för með sér margvíslegar byltingar í vísindum og tækni, en þær hafa líka gefið okkur mönnum nýtt sjónarhorn. Geimfarar segja að ein áhrifamesta upplifun slíkra ferða sé sú að eiga þess kost að horfa á jörðina úr geimnum, sem eina heild, eitt vistkerfi hulið örþunnum lofthjúp í hinu gríðarmikla myrkri geimsins. Verk mitt er hið síðasta af þremur þar sem ég velti fyrir mér geimferðum og tunglgöngu. Hin tvö eru píanótríóið *White Flags*, sem er hugleiðing um hvernig bandarísku fánarnir sem Apollo 11-geimfararnir komu fyrir á tunglinu eru orðnir hvítir að lit, og *We Came in Peace for All Mankind*, innsetning fyrir 12 hornleikara, píanó og rafhljóð, sem heitir eftir áletrun á skildi sem geimfararnir komu fyrir á tunglinu í sömu ferð.“





# Richard Strauss

## ÆVINTÝRI UGLUSPEGILS

Í smábænum Mölln í norðurhluta Þýskalands er að finna legstein manns sem uppi var á 14. öld og bar nafnið Till Eulenspiegel. Um Ugluspegil, eins og nafn hans útleiggst á íslensku, spannst fjöldi þjóðsagna eftir því sem aldir liðu og gengu flestar út á prakkarastrik hans og óhefðbundin uppátæki. Í gamansömu tónaljóði sínu, *Till Eulenspiegels lustige Streiche*, fangaði Richard Strauss (1864–1949) bæði skapgerð Ugluspegils og hið ótrúlega ævintýrabrólt hans.

Verkið hefst á tveimur stefjum sem bæði tákna Ugluspegil: hið fyrra er ljúft og táknar samkvæmt Strauss upphaf ævintýrisins – „Einu sinni var...“; hið síðara, leikið af horni, er fjörukt og óútreiknanlegt. Þetta helsta einkennisstef Ugluspegils snýr aftur hvað eftir annað, sem eins konar viðlag enda er tónsmíðin í rondó-formi, en það einkennist af því að eitt stef hljómar ítrekað í bland við ólíka millikafla. Fyrst sést Ugluspegill ríða á hesti sínum á vit nýrra ævintýra. Hann þeytist á hesti sínum gegnum markaðstorgið, konum og börnum til ómældrar skelfingar; þá þjóta klaríneturnar upp á við og slagverkið þrumar. Hann verður ástfanginn en stúlkan vill ekkert með hann hafa. Því næst fer hann á fund nokkurra fræðimanna í þeim tilgangi að snúa út úr lærdómi þeirra. Tónlistin verður flóknari eftir því sem fræðingarnir flækjast í eigin speki, þar til Ugluspegill rekur tunguna framan í þá og gengur brott sigri hrósandi.

Að endingu grípa örlögin í taumana. Ugluspegill er tekinn höndum og leiddur fyrir dómara undir ógnvekjandi trommuslætti. Hann reynir að blístra til að róa taugarnar en stef hans verður sífellt örvæntingarfullra. Að lokum er dómur kveðinn upp: „Hengið hann!“ Ugluspegill stígur upp í gálgann og mætir þar örlögum sínum, en hljómsveitin kveður með minningu um upphafstaktana og minnir okkur á að taka örlög ævintýrapersónunnar ekki of alvarlega.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Það var Páll P. Pálsson sem kynnti Ugluspegil fyrir íslenskum tónleikagestum árið 1974. Áður hafði verkið vitaskuld hljómað margoft í útvarpi, fyrst árið 1932. Síðan hafa stjórnað verkinu þeir Osmo Vänskä (1992), Thomas Kalb (2000), Rumon Gamba (2004), Petri Sakari (2007 og aftur 2018), Stefan Solyom (2008) og Andrew Litton (2014).

# Richard Strauss

## DER ROSENKAVALIER, SVÍTA

Fyrstu áratugi sína sem tónskáld var Richard Strauss í hópi hinna framsæknari í evrópskri tónsköpun. Hann var byltingamaður á sína vísu, tók í arf tónmál Wagners en kryddaði það enn frekar með ómstríðum tónum og víkkaðri notkun tóntegunda. Ekki síst vöktu athygli og jafnvel hneykslan tvær dramatískar einþáttungsóperur: *Salóme* (1905) eftir leikriti Oscars Wilde um afdrif Jóhannesar skírara við hirð Júdeukonungs, og *Elektra* (1908) eftir harmleik Sófóklesar. Í kjölfarið stóðu Strauss allar dyr opnar og allt útlit fyrir að hann tæki sinn sess í þeirri þrenningu evrópskra módernista sem þá var í mótun: Strauss, Stravinskíj og Schönberg.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveitin lék vals úr Rósarriddaranum í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Páls P. Páls-sonar árið 1957. Hljómsveitar-svítuna sem hér hljómar hefur hún flutt fjórum sinnum áður, með Jean-Pierre Jacquillat árið 1981, Petri Sakari 1992 og 1998, og Graeme Jenkins á Vínartónleikum 2011.

Ekki fór það þó svo. Að Elektru fullgerðri steig Strauss skref til baka, hörfaði frá ómstríðum stíl nútímans aftur í ljúfa Vínarmúsík 19. aldarinnar. Í *Rósarriddaranum* (Der Rosenkavalier, 1911) á tignarfrú ein í leynilegu ástarsambandi við pilt að nafni Octavian. Hann er fenginn til að færa hinni ungu Sophie rós úr silfri að gjöf frá tilvonandi brúðguma sínum, fautanum Ochs barón. Sophie og Octavian fella hugi saman og þeim tekst að lokum að ryðja öllum hindrunum úr vegi. Tónlistin er léttúðug og ómblíð, auk þess sem lífflegum Vínarvölsum bregður fyrir hvað eftir annað. Í undurfögru lokaatriðinu birtist skýrt sú mikla gáfa tónskáldsins að semja fyrir háar kvenraddir. Octavian er „buxnahlutverk“ – sungið af mezzósópran í karlmannsgervi – og í tilfinningaþrungnu uppgjöri aðalpersónanna fléttast háir og tærir tónar þriggja kvenna saman með ógleymanlegum hætti.

Hljómsveitin í *Rósarriddaranum* er æði stór og hlutverk hennar í tónlistinni er ekki síður mikilvægt en söngvaranna. Árið 1944 var Hljómsveitarsvítan sem hér hljómar frumflutt í New York undir stjórn Arturs Rodzinski, og er talið að hann hafi fléttað dansana saman í samráði við höfundinn þótt fáar heimildir hafi varðveist þar að lútandi. Hér heyrast mörg frægustu stefin, ástleitinn stef í bland við hressilega dansmúsík. Upphafstónar óperunnar lýsa funheitri nótt elskendanna, Octavians og tignarfrúarinnar, en því næst heyrast innganga Octavians með rósina handa Sophie í öðrum þætti óperunnar. Dúett Octavians og Sophie (óbó og horn) verður sífellt ástleitnari, þar til Ochs kemur inn með miklum gauragangi. Tregafullur kveðjusöngur tignarfrúarinnar hljómar hér einnig, sem og lífflegur vals Ochs baróns sem myndar tilþrífamikinn hápunkt Hljómsveitarsvítunnar.

# Richard Strauss

## FJÓRIR SÍÐUSTU SÖNGVAR

Richard Strauss þekkti möguleika mannsraddarinnar betur en flest önnur tónskáld 20. aldar. Á löngum ferli samdi hann yfir 200 sönglög og hátt í 20 óperur, og var einn þeirra sem lögðu hvað stærstan skerf til óperuformsins á síðustu öld, ásamt Benjamin Britten og Leoš Janáček. Hvergi naut hann sín betur en þegar hann samdi fyrir sópranröddina. Mörg stórkostlegustu augnablik sem þeirri raddgerð hafa verið gefin í tónlistinni er að finna í óperum á borð við *Salóme* og *Rósarriddarann*. Að þessu leyti eru *Fjórir síðustu söngvar* rökréttur endapunktur við ævistarf höfundarins. Strauss samdi þá milli maí og september 1948, ári fyrir andlát sitt. Honum entist ekki aldur til að heyra söngvana flutta á tónleikum; Kirsten Flagstad frumflutti þá í maí 1950 ásamt hljómsveitinni Fílharmóníu í Lundúnum undir stjórn Wilhelms Furtwängler.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þótt Fjórir síðustu söngvar Richards Strauss séu meðal dáðustu söngverka 20. aldarinnar hafa þeir fremur sjaldan ratað á efnisskrár Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands. Sieglinde Kahmann flutti þá í Háskólabíói árið 1980 og síðan hafa sungið verkið þær Andrea Catzel (1998), Inger Dam Jensen (2004), Emma Bell (2010) og Þóra Einarsdóttir (2018).

Á ævi tónskáldsins hafði margt farið á annan veg en ætlað var. Strauss átti farsælan feril allt þar til undirgefni hans við stjórn Hitlers setti strik í reikninginn. Skömmu eftir valdatöku nasista árið 1933 var Strauss skipaður yfirmaður tónlistardeildar ríkisins og sá þann kost vænstan að samþykka möglnarlaust. Með nafni sínu léði hann stofnuninni auk við vægi og ekki varð betur séð en að hann væri fylgjandi því þegar ákveðið var að banna verk tiltekinna „óæskilegra“ tónskálda. Strauss var ekki hliðhollur nasistum en átti óhægt um vik þar sem tengdadóttir hans var gyðingaættar. Ekki leið heldur á löngu þar til hann hafði bakað sér óvild stjórnvalda með því að efna til óperusamstarfs við rithöfundinn Stefan Zweig sem einnig var af gyðingaættum. Þegar Gestapo komst yfir bréf þar sem Strauss fór niðrandi orðum um kynþáttastefnu nasista fór málið alla leið á borð Hitlers og tónskáldið var umsvifalaust sett út í kuldann.

Við lok síðari heimsstyrjaldar var Strauss rúinn trausti og tekjur hans nánast engar enda óperuhús og tónleikasalir Þýskalands í rústum. Að lokum yfirgaf hann sveitasetur sitt í Bæjaralandi og fluttist til Sviss ásamt eiginkonu sinni. Í *Fjórum síðustu söngvum* bendir fátt til þess að tónlistin sé samin um miðja 20. öld; hún er angurvær og tregablandin. Það haustar að í þessum söngvum, í fleiri en einum skilningi. Í síðasta laginu, *Im Abendrot*, andar skáldið að sér kvöldloftinu og hugleiðir nóttina og dauðann. Í fjarska heyrst söngur tveggja lævirkja en síðan er eins og tíminn standi í stað. „Er þetta kannski dauðinn?“ spyr söngkonan og henni er svarað með dulúðugum hljómunum. Í kyrrlátum lokatöktunum horfist hinn aldni tónsmiður í augu við skapanornirnar og gengur óbugaður út í hina löngu nótt.

Árni Heimir Ingólfsson

## Vier letzte Lieder

### 1. Frühling

In dämmerigen Grüften  
Träumte ich lang  
Von deinen Bäumen und blauen Lüften,  
Von deinem Duft und Vogelsang.

Nun liegst du erschlossen  
In Gleich und Zier,  
Von Licht übergossen  
Wie ein Wunder vor mir.

Du kennst mich wieder,  
Du lockest mich zart,  
Es zittert durch all meine Glieder  
Deine selige Gegenwart!  
*Hermann Hesse*

### 2. September

Der Garten trauert,  
Kühl sinkt in die Blumen der Regen.  
Der Sommer schauert  
Still seinem Ende entgegen.

Golden tropft Blatt um Blatt  
Nieder vom hohen Akazienbaum.  
Sommer lächelt erstaunt und matt  
In den sterbenden Gartentraum.

Lange noch bei den Rosen  
Bleibt er stehen, sehnt sich nach Ruh.  
Langsam tut er die [großen]\*  
Müdgewordnen Augen zu.  
*Hermann Hesse*

### 3. Beim Schlafengehen

Nun der Tag mich müd gemacht,  
Soll mein sehnliches Verlangen  
Freundlich die gestirnte Nacht  
Wie ein müdes Kind empfangen.

Hände, laßt von allem Tun,  
Stirn, vergiß du alles Denken,  
Alle meine Sinne nun  
Wollen sich in Schlummer senken.

Und die Seele unbewacht  
Will in freien Flügen schweben,  
Um im Zauberkreis der Nacht  
Tief und tausendfach zu leben.  
*Hermann Hesse*

## Fjórir síðustu söngvar

### 1. Vor

Í rökkvuðum grafarhvelvingum  
dreymdi mig lengi  
um tré þín og bláan himin,  
um ilm þinn og fuglasöng.

Nú liggur þú opinberað  
í gliti og skrudði,  
yfirljótandi af ljósi,  
eins og undur frammi fyrir mér.

Þú þekkir mig aftur,  
þú laðar mig ljúflega til þín,  
gegnum alla limi mína titrar  
unaðarsæl návist þín.

### 2. September

Garðurinn syrgir,  
svalt regnið seytlar niður í blómin.  
Það er hrollur í kyrrlátu sumrinu  
er það nálgast endalok sín.

Gullið laufblað eftir laufblað drýpur  
ofan úr háu akasíutrénu.  
Sumarið brosir undrandi og þreytt  
inn í deyjandi drauminn um garðinn.

Það staðnæmist ennþá lengi  
hjá rósunum, og þráir hvíld.  
Með hægð lokar það [stórum]  
máttðregnum augum sínum.

### 3. Við kvöldnáðir

Nú þegar dagurinn hefur þreytt mig,  
á innileg löngun mín  
að taka á móti stjörnuþjartri nóttunni  
vingjarnlega, eins og þreytt barn.

Hendur, hættið öllum verkum,  
enni, gleymdu öllum hugsunum,  
öll skilningarvit mín vilja nú  
sókkva sér niður í svefn.

Og sálin sem enginn stendur vörð um  
vill svífa um á frjálsum flugi,  
til að lifa djúpt og þúsundfalt  
í töfrahring næturinnar.

\* Richard Strauss slepti þessu orði þegar hann tónsetti kvæðið.

#### 4. Im Abendrot

Wir sind durch Not und Freude  
Gegangen Hand in Hand:  
Vom Wandern ruhen wir [beide]  
Nun überm stillen Land.

Rings sich die Täler neigen,  
Es dunkelt schon die Luft,  
Zwei Lerchen nur noch steigen  
Nachträumend in den Duft.

Tritt her und laß sie schwirren,  
Bald ist es Schlafenszeit,  
Daß wir uns nicht verirren  
In dieser Einsamkeit.

O weiter, stiller Friede!  
So tief im Abendrot,  
Wie sind wir wandermüde —  
Ist dies etwa der Tod?

*Joseph von Eichendorff*

#### 4. Í kvöldroðanum

Við höfum leiðzt hönd í hönd  
gegnum neyð og gleði:  
Nú hvílumst við [bæði] af göngunni  
yfir kyrrlátu landinu.

Allt um kring eru aflíðandi dalir,  
loftið er farið að myrkvast,  
bara tveir lævirkjar rísa ennþá  
dreymandi upp í ilminn.

Komdu hingað og láttu þá flögra,  
því að brátt er kominn svefntími,  
bara að við villumst ekki  
í þessari einveru.

Ó víði, kyrrláti friður!  
Hve göngulúin erum við orðin,  
svona djúpt inni í kvöldroðanum —  
er þetta kannski dauðinn?

*Reynir Axelsson þýddi*

---

#### Crotales

Alexander Fryderyk Grybos  
Andreas Guðmundsson Gaehwiller  
Arnar Geir Halldórsson  
Arndís Ólafía Snorradóttir  
Bergur Daði Ágústsson  
Diljá Finnsdóttir  
Elisabet Anna Dudziak  
Erla Hafrún Guðjónsdóttir  
Eyrún Þóra Sigurjónsdóttir  
Gabriella Snót Schram

Hafrún Birna Björnsdóttir  
Helga Diljá Jörundsóttir  
Hildur Tanja Karlsdóttir  
Hrefna Berg Pétursdóttir  
Íris Torfadóttir  
Júlía Guðmundsdóttir Gaehwiller  
Katrín Karítas Viðarsdóttir  
Lior Soltz  
Magnús Már Newman  
Magnús Torfason  
Margrét Lára Jónsdóttir

Matthildur Traustadóttir  
Rory Murphy  
Rozalia Mietus  
Rut Sigurðardóttir  
Sara Cvjetkovic  
Sara Di Constanzo  
Styrmir Pálsson  
Thomas Cortes Thorup  
Tómas Vígur Magnússon  
Þórunn Sveinsdóttir

# 11 1120 21

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Andrzej Kleina  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Pétur Björnsson  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir

## 2. fiðla

Gunnhildur Daðadóttir  
Ísak Ríkharðsson  
Roland Hartwell  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Þórdís Stross  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Matthías Stefánsson  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir

## Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Rita Þoríris  
Sarah Buckley  
Þórarinn Már Baldursson  
Lucja Koczot  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Kathryn Harrison  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

## Selló

Síurgeir Agnarsson  
Steiney Sigurðardóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Helga Björg Ágústsdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Júlía Mogensen

## Bassi

Xun Yang  
Jacek Karwan  
Hávarður Tryggvason  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

## Flauta

Áshildur Haraldsdóttir  
Sólveig Magnúsdóttir  
Hafðís Vigfúsdóttir  
Björg Brjánsdóttir

## Óbó

Júlia Hantschel  
Peter Tompkins  
Eydís Franzdóttir  
Sandra Simón Monje

## Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir  
Baldvin Ingvar Tryggvason  
Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## Fagott

Bryndís Þórsdóttir  
Eugénie Ricard  
Dagbjört Ingólfssdóttir  
Brjánn Ingason

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjörn Bruun  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Frank Hammarin  
Constantin Glaner  
Rakel Björt Helgadóttir

## Trompet

Daniel Egan  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson  
Øyvind Lapin Larsen  
Ásgeir Steingrímsson

## Básúna

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## Túba

Nimrod Ron

## Harpa

Katie Buckley  
Elísabet Waage

## Píanó

Helga Bryndís Magnúsdóttir

## Celesta

Helga Bryndís Magnúsdóttir

## Pákur

Soraya Nayyar

## Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson  
Helgi Þorleiksson  
Emil Þorri Emilsson

Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi*

Bertrand de Billy *aðalgestastjórnandi*

Kornilios Michailidis *staðarhljómsveitarstjóri*

Daníel Bjarnason *listamaður í samstarfi*

Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Víkingur Heiðar Ólafsson *staðarlistamaður*

## Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*

Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*

Halla Oddný Magnúsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri / orlofi*

Valdís Þorkeldsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri*

Jökull Torfason *verkefnastjóri viðburða*

Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*

Inga María Leifsdóttir *markaðsfulltrúi*

Sverrir Hjálmarsson *mannauðsstjóri*

Svanhvít Hrólfssdóttir *fjármálastjóri*

Kristbjörg Clausen *nótnavörður*

Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*

Sigþór J. Guðmundsson *verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*

Björk Björgúlfssdóttir *sviðsstjóri*

*Kvika eignastýring veitir allhliða  
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



**KVÍKA**

*Eignastýring*





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

2021  
2022

# SVARTA RÖÐIN

Sérstök tónleikaröð með Víkingi í einleikshlutverki. Þrennir hljómsveitar-tónleikar ásamt einleikstónleikum Víkings í nóvember.

Víkingur Heiðar Ólafsson er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021-22. Samstarf Víkings og Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu starfsári er einstakt á heimsvísu og nokkuð sem enginn tónlistarunnandi má láta fram hjá sér fara.

Þeir sem kaupa kort á þessa einstöku röð fá 15% afslátt af almennu miðaverði.



Miðasala  
[sinfonia.is](https://sinfonia.is)

Sími  
528 5050